



EUROPEAN FREE TRADE ASSOCIATION

**RÁÐHERRAFUNDUR FRÍVERSLUNARSAMTAKA EVRÓPU, GENF, 25.
nóvember 2008**

FRÉTTATILKYNNING¹

Ráðherrar EFTA-ríkjanna fengu til fundar við sig Luis Guillermo Plata, viðskipta-, iðnaðar- og ferðamálaráðherra Kólumbíu, vegna undirritunar fríverslunarsamnings milli EFTA og Kólumbíu.

Ráðherrar EFTA-ríkjanna lýstu ánægju með upphaf samningaviðræðna við Indverja og sögðust vænta þess að senn mætti leysa úr síðustu ófrágengnu atriðunum í samningaviðræðum við Perúmenn. Þeir luku lofsorði á skýrslu sameiginlegs starfshóps EFTA-ríkjanna og Rússlands og sögðu æskilegt að hefja undirbúning að samningaviðræðum á árinu 2009. Ráðherrarnir lýstu sig ennfremur reiðubúna að hefja viðræður við Albana, Serba og Úkraínumenn.

Fríverslunarsamtök Evrópu (EFTA) héldu fund með ráðherrum aðildarríkjanna í Genf hinn 25. nóvember 2008 undir forsæti íslenska viðskiptaráðherrans, Björgvins G. Sigurðssonar.

Ráðherrar EFTA-ríkjanna fjögurra undirrituðu ásamt viðskipta-, iðnaðar- og ferðamálaráðherra Kólumbíu fríverslunarsamning milli EFTA og Kólumbíu. Ráðherrarnir lýstu ánægju yfir því að viðskipta- og efnahagstengsl við Kólumbíu hefðu verið eflð og sögðust þess fullvissir að ný viðskiptafæri, sem þannig sköpuðust, myndu stuðla að hagvexti og efnahagsþróun.

Ráðherrarnir sögðust vænta þess að senn mætti leysa úr síðustu ófrágengnu atriðunum í samningaviðræðum við Perúmenn og að samningur yrði undirritaður á árinu 2009. Þeir lýstu jafnframt þeirri von að fríverslunarsamningur við Samstarfsráð Persaflóaríkja yrði undirritaður á næstu mánuðum.

Ráðherrar EFTA-ríkjanna luku lofsorði á skýrslu sameiginlegs starfshóps EFTA-ríkjanna og Rússlands, en niðurstaða hennar var að viðtækur tvíhliða fríverslunarsamningur milli EFTA-ríkjanna og Rússneska ríkjasambandsins myndi leiða til verulegrar styrkingar á efnahagstengslum milli aðilanna. Þeir sögðu æskilegt að hefja undirbúning að viðræðum um fríverslunarsamning á árinu 2009.

Ráðherrarnir sögðu ánægjulegt að viðræður við Indverja væru hafnar. Þeir lögðu áherslu á áhuga sinn á að efla viðskipta- og efnahagstengsl við Indland.

¹ Óopinber þýðing úr ensku, gerð af EFTA-skrifstofunni.



EUROPEAN FREE TRADE ASSOCIATION

Nefnt var að árangur hefði náðst í samningaviðræðum við Alsír og ráðherrarnir lýstu þeirri von að þeim viðræðum gæti lokið á fyrsta fjórðungi ársins 2009. Þeir ítrekuðu einnig þá ósk sína að viðræður við Tailendinga gætu hafist sem allra fyrst.

Ráðherrarnir ræddu frekari eflingu fríverslunarsamstarfs EFTA við önnur ríki og lýstu sig reiðubúna að hefja viðræður við Albana, Serba og Úkraínumenn á fyrra helmingi ársins 2009.

Þeir lýstu ánægju með yfirstandandi viðræður við Malasíumenn um að koma upp sterkari viðskipta- og efnahagstengslum og ítrekuðu að þeir væru reiðubúnir að taka upp viðræður við Indónesa á grundvelli tillagna sameiginlega starfshópsins.

Ráðherrarnir ræddu yfirstandandi viðræður um svonefnda Doha-þróunaráætlun á vegum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar. Þeir lögðu áherslu á vilja sinn til að ljúka þeim viðræðum á árangursríkan hátt og ítrekuðu eindreginn stuðning við hvers kyns framtak til að skila viðræðunum áfram. Ráðherrarnir lögðu einnig áherslu á mikilvægi þess að efla marghliða fríverslunarkerfi og verjast öllum tilhneigingum til verndarstefnu í tengslum við núverandi fjármálakreppu.

Ráðherrarnir lýstu ánægju með áfangaskýrslu sérstaks starfshóps EFTA-ríkjanna um viðskipti og umhverfismál og sögðust líta með eftirvæntingu til þess að fá lokaskýrsluna í hendur á næsta fundi. Ráðherrarnir ákváðu ennfremur að koma á fót sérstökum starfshópi um reglur fríverslunarsamninga um félagsleg réttindi og atvinnuréttindi.

Ráðherrarnir héldu einnig fund með þingmannanefnd EFTA og fóru fram gagnleg skoðanaskipti um þróun að því er varðar stefnu EFTA-ríkjanna gagnvart þriðju löndum og um málefni sem varða Evrópska efnahagssvæðið.

Eftirtaldir ráðherrar sátu fundinn:

Ísland: Björgvin G. Sigurðsson, viðskiptaráðherra

Liechtenstein: Rita Kieber-Beck, utanríkisráðherra

Noregur: Rikke Lind, aðstoðarviðskipta- og iðnaðarráðherra

Sviss: Doris Leuthard, sambandsráðherra, yfirmaður efnahagsráðuneytis sambandslýðveldisins